



Áherslur í vinnuvernd

Fjarðabyggð vill tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og koma í veg fyrir slys, atvinnutengda sjúkdóma og óheilbrigð samskipti eins og kynbundið áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi m.a. með gerð áhættumats fyrir stofnanir. Í kjölfar áhættumats skal ráðast í nauðsynlegar úrbætur. Öll vinna skal unnin í samræmi við vinnuverndarlögin. Áhættumatið skal vera aðgengilegt öllu starfsfólki. Öll slys og næstum slys skulu skráð.

Stjórnendur og starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun við störf sín og hafi grunnþekkingu á öllum sviði vinnuverndar með því að sækja námskeið. Vinnuvernd sé hluti af nýliðafræðslu.

Vinnuvernd sé virk í daglegum rekstri bæjarins. Ekki er gefinn afsláttur af vinnuvernd. Gera skal áhættumat um öll ný og óvenjuleg störf. Vinnuferlar séu skýrir og fylgi verklagsreglum.

Vinnuaðstaða starfsmanna sé eins og best verður á kosið. Loftgæði og hljóðvist uppfylli lög og reglugerðir.

Fjarðabyggð vill tryggja að vélar, tæki og varasöm efni stofni ekki lifi og heilsu starfsfólks í hættu. Tryggja skal að starfsmenn hafi viðeigandi réttindi og kunnáttu á þær vélar og tæki sem þeir nota við sín störf. Öryggisblöð fyrir hættumerkt efni séu til staðar.

Stuðlað skal að andlegri, líkamlegri og félagslegri velliðan starfsmanna, m.a. með fjölbreyttum verkefnum fyrir alla starfsmenn. Unnið sé að forvirkum aðgerðum gegn kynbundnu áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Starfsmenn hafi sjálfræði og sveigjanleika við vinnu. Starfsmenn styðji og hjálpi hver öðrum.

Fjarðabyggð vill tryggja öryggi starfsmanna sem vinna einir. Samskiptaleiðir eða boðleiðir séu skýrar. Öll verk séu skipulögð þannig að einhver viti ávallt hvar starfsmenn eru og hvenær vinna líkur. Starfsmenn sem vinna einir hafi allaf síma á sér.

Slökkvibúnaður og skyndihjálparbúnaður sé í lagi. Flóttaleiðir séu vel merktar. Neyðar- og slökkvibúnaður skal yfirfarinn reglulega og haldnar rýmingaræfingar.

Reglulega séu haldin námskeið í skyndihjálpi til að viðhaldið sé þekkingu starfsmanna á fyrstu hjálpi.

Fjarðabyggð 7. mars 2019

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt á fundi bæjarráðs 4.3.2019
Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 7.3.2019

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjóifjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur